



**Skólaráð Tjarnarskóla**  
**Fundargerð 24. fundar**  
**2. fundur á skólaárinu 2016-2017**  
**27. apríl 2017**

**Mættir voru :** Margrét Theodórsdóttir, skólastjóri  
Anika Valdís Björnsdóttir, 10. bekk, fulltrúi nemenda  
Júlía Snædís Valsdóttir, 9. bekk, fulltrúi nemenda  
Birna Dís Björnsdóttir, fulltrúi kennara  
Helga Júlía Vilhjálmsdóttir, fulltrúi kennara  
Björn Aðalsteinsson, fulltrúi foreldra  
Aðalbjörg Jóna Björnsdóttir, fulltrúi foreldra  
Ragnheiður Hanson, fulltrúi úr grenndarsamfélaginu,

**Fulltrúum nemendaráðs** var einnig boðið á fundinn og mættir voru:  
Guðrún Ýr Guðmundsdóttir, nemandi í 8. bekk.  
Sunna Sigríður Gísladóttir, nemandi í 8. bekk.

**Fulltrúum í foreldraráði** var boðið á seinni hluta fundar. Þeir sem mættu voru:  
Guðmundur Valsson, fulltrúi úr foreldraráði.  
Kristinn Arnarson, fulltrúi úr foreldraráði (formaður foreldrafélagsins).

Sigrún Edda Theodórsdóttir, ritari var fjarverandi vegna veikinda.

Helga Júlía Vilhjálmsdóttir skrifaði fundargerð.

Margrét bauð fundarmenn velkomna á fundinn og bauð fulltrúa nemendaráðs sérstaklega velkomna á fundinn.

Dagskrá:

## 1. Skóladagatalið

Lögð var fram tillaga að skóladagatali 2017 – 2018 sem kennarar höfðu unnið í sameiningu. Síðan var farið yfir hvern mánuð fyrir sig og sumir liðir ræddir sérstaklega.

- Margrét benti á að dönsku gestirnir okkar hefðu áhuga á að færa heimsóknina næsta vetur til septembermánaðar en ákvörðun lægi ekki fyrir um það. Skóladagatalið verður því sent með fyrirvara um breytingar vegna heimsóknarinnar.
- Vetrarfríð okkar verður um leið og hjá öðrum skólum í Reykjavík eins og hefð er komin á.
- Rætt var um tímasetningu á jólaföndurdegi foreldrafélagsins. Birna sagði frá að foreldrar gerðu síðast könnun um hvort fjölskyldur nemenda vildu frekar hafa jólaföndrið á laugardegi. Niðurstaða varð afgerandi á þann veg að fimmtudagssíðdegi væri besti valkosturinn. Fundarmenn því sammála að hafa föndrið á fimmtudegi eins og löngum fyrr. Tíundu bekkjar hafa jafnframt nýtt þennan viðburð í fjáröflun í ferðasjóð 10. bekkjar. Anika, fulltrúi nemenda í skólaráðinu, kom þeirri skoðun á framfæri að það væri fínt að nýta þennan dag í fjáröflun.
- Margrét lagði til að 5. september yrði nýttur fyrir haustfundi með foreldrum. Sú tillaga samþykkt. Morgunfundur.
- Starfsdagur settur 3. janúar og var almenn ánægja með það.
- Anika benti á að það hafi verið of stutt á milli ungbarnadaga og prófa í janúar. Farið yfir þetta og ákveðið að halda þessum dögum og hafa ungbarnadagana óbreytta. Birna benti á að rannsóknarverkefnið hafi reyndar verið of nálægt prófum síðast. Anika lagði til að rannsóknarverkefni yrðu frekar á 1. önn. Þessi tillaga var skráð en ritgerðardagar ekki færðir inn á skóladagatalið.

**Að loknum umræðum um skóladagatalið 2017 – 2018 var það samþykkt.**

## 2. Önnur mál.

- Ragnheiður kom með ábendingu um að félagslífið í skólanum hafi ekki verið nógu gott í vetur og mikilvægt væri að foreldrar legðu áherslu á að hvetja nemendur til að mæta á viðburði. Nemendaráðið hefði oft lagt heilmikið á sig til að undirbúa viðburði en síðan hafi þátttakan ekki verið nægilega góð. Anika rifjaði upp að 10. bekkur á síðasta ári hefði verið duglegri að efla samskiptin milli 10. bekkjar og hinna bekkjanna. Líklega hefði núverandi 10. bekkur ekki staðið sig eins vel. Einnig kom fram að umsjónarkennarar gætu haft bekkjarkvöld með sínum umsjónarkennara til þess að ýta undir bekkjarheildina og þar með auka félagsleg samskipti utan skólatíma.
- Kristinn benti á að margir nemendur væru mjög uppteknir við íþróttaiðkun, síðdegis og á kvöldin. Það væri því stundum erftitt að láta þátttöku í félagsstarfi ganga upp.
- Í vetur kom upp sú staða að sumir sem voru kosnir í nemendaráð voru ekki mjög virkir né tilbúnir að leggja á sig undirbúning að viðburðum. Ef til vill væri hægt að endurtaka kosningar við þannig aðstæður og fá nýja inn.

- Sunna Sigríður lagði til að nemendur fengju lengri undirbúningstíma fyrir framboð í nemendaráð. Júlía sagði frá því að í gamla skólanum sínum hafi þeir nemendur sem buðu sig fram gert framboðsmyndbönd sem voru góð leið fyrir suma til að koma sér á framfæri.
- Guðrún lagði til að fjölga í nemendaráði. Margrét fór yfir kosti og galla við þann möguleika.
- Ragnheiður kom með hugmynd að kaffihúsaferð. Nemendur í skólanum eru hér í miðbænum og það er um að gera að nýta það sem er í boði hér í nágrenninu.
- Niðurstaða af þessu samtali var að efla nemendaráðið á næsta ári, fá foreldra meira með og hvetja nemendur eindregið til að mæta á viðburði sem nemendafélagið skipuleggur.

Að loknum umræðum var fulltrúum í nemendaráðinu þökkuð þátttakan í fundinum. Þeim var boðið að sitja áfram, ef þeir vildu, en þá var komið að því að ræða málefni foreldra. Fulltrúum í foreldraráði var boðið að koma á þennan fund og tveir foreldrar bættust í hópinn undir þeim umræðum, samkvæmt fundarboði.

Fulltrúar í foreldraráðinu boðnir velkomnir en mættir voru eins og fram hefur komið:

Guðmundur Valsson, fulltrúi úr foreldraráði  
Kristinn Arnarson, fulltrúi úr foreldraráði

### 3. Foreldrastarfið í skólanum.

Margrét sagði frá því að í skólanum hefði vaknað sú hugmynd að það væri eftirsóknarvert að foreldrastarfið í Tjarnarskóla yrði enn öflugra. Þróunin hefur verið afar jákvæð undanfarnin ár, margir nýir þátttökuliðir bæst við að frumkvæði foreldra og skólans. Allt hefur þetta stuðlað að betra skólastarfi. Hún sagði einnig frá því að svo virtist sem þátttaka foreldra í almennum fundum, s.s. fræðslu- og kynningarfundum væri tiltölulega lítil á Íslandi. Líklega væri að öllu jöfnu um 10-20% þátttaka á slíkum fundum og vitnaði í fund sem var haldinn í janúar til þess að undirbúa svo nefnda „ungbarnadaga“ í skólanum. Væri æskilegt að stuðla að því að það væri sjálfsagður hlutur að allir foreldrar mættu á slíka fundi? Gætum við gert eitthvað til þess að auka þátttökuna? Undir þessum lið sköpuðust líflegar umræður:

- Kennarar hér eru oft að velta fyrir sér hinu daglega „samtali“ við foreldra. Mjög margir tölvupóstar eru sendir en svo virðist sem margir foreldrar líti ekki á það sem skyldu sína að svara slíkum póstum og svo virðist sem þeir séu oft ekki lesnir.
- Kallað eftir hugmyndum um hvort ætti að breyta þessu fyrirkomulagi.
- Rangheiður hrósaði skólanum og sagðist vera mjög ánægð með upplýsingaflæðið og póstana frá umsjónarkennaranum.
- Anika benti á að nemendur fái ekki að vera með á Facebókarsíðunni sem nefnist Foreldra- og kennarafélag Tjarnarskóla. Hægt að skoða það fyrir næsta ár.

- Kristinn benti á að við ættum að fagna því sem er gert í stað þess að horfa á það neikvæða. Hann metur það svo að foreldrastarf sé mjög tímafrekt og að foreldrar séu undir mikilli tímapressu og með afar mörg verkefni á sínum snærum, í mörg horn að líta á heimavígstöðvunum.
- Björn benti á að líklega væri betra að hafa færri samskiptaleiðir en tölvupóstur, Facebók og Námfús séu nýtt sem aðalupplýsingaferlarnir.
- Margrét benti á að allt sem foreldrarnir legðu til og það sem er gert að þeirra frumkvæði sé vandað og til fyrirmyndar og á síðustu árum hefur aðkoma foreldra aukist umtalsvert, um það vitna sjálfsmatskýrslur og starfsáætlanir skólans. Við erum mjög þakklát fyrir það.
- Fulltrúar úr foreldraráði lögðu til að viðburðir sem foreldrar skipulegðu yrðu ákveðnir að hausti og síðan settir strax á skóladagatalið. Allt neglt niður svo ekkert komi neinum á óvart.
- Í lok þessara umræðu: Gott að hafa Facebók til að varpa ljósi á daglega atburði og setja inn myndir af því sem er að gerast.
- Nokkrar umræður urðu einnig um nýjar samþykktir fyrir foreldrafélagið. Ákveðið að nýta haustfundi til þess að fara yfir málið.
- Anika kom með tillögu um að foreldrar þyrftu að kynnist betur og halda fund í byrjun vetrar í þeim tilgangi.

Í lokin ræddi Margrét um að aukning á samstarfi foreldra sé mælanlegt og hún sé afar ánægð með það. Það sé þó gott að opna þessa umræðu og að skólinn stefni á að skólinn komi til með að skara framúr í fyrirmyndarforeldrasamstarfi.

Fundarmönnum var í lokin þakkað fyrir góða fundarsetu, góðar umræður og hugmyndir.

Fundi var slitið klukkan 17:40

HJV/MT